



Reykjavík, 4. nóvember 2018

SFS2018100120

146. fundur

HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

**Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi skýrslu um húsnæðismál frístundaheimila og félagsmiðstöðva**

Á 145. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. október 2018 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að skýrsla sem átti að skila í nóvember 2017 um húsnæðismál tengd reglum um félagsmiðstöðvar og frístundaheimili verði kláruð og niðurstöður kynntar ráðinu. Mikilvægt er þó að ráðsmönnum sé strax á næsta fundi kynnt hvar verkefnið er statt.*

**Svar:**

Stefna um frístundapjónustu var samþykkt 3. október 2017 og reglur um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva samþykktar 11. október sama ár. Í reglunum er fjallað um húsnæðismál frístundaheimila og félagsmiðstöðva segir að :

*„Skóla- og frístundasvið leigir af skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) sérrými frístundaheimilis í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýtt eru með grunnskóla. Frístundamiðstöð gerir samninga fyrir 1. apríl ár hvert við viðkomandi grunnskóla vegna húsnæðis frístundaheimilis fyrir komandi skólaár, þar sem rými, ábyrgð og rekstur er tilgreindur og skýr. Skólastjórum og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva ber að skila samningunum til skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Ef aðstaða fyrir frístundaheimili er ófullnægjandi í grunnskóla skal SEA útvega annað viðeigandi húsnæði.“*

Talið var nauðsynlegt að rýna betur fyrirkomulag á innri leigu og fyrirkomulagi húsnæðis frístundastarfsis og því var stofnaður starfshópur sem fjallaði um húsnæði frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Starfshópurinn fékk einnig það verkefni að endurskoða skilgreiningar á rýmisþörfum frístundaheimila og félagsmiðstöðva, móta tillögur um umsýslu húsnæðis og hvernig kostnaðarskiptingu vegna rekstrar húsnæðis í samnýtingu verði háttað. Tímafrestur starfshópsins var of knappur og er hann enn að störfum og er enn verið að afla upplýsinga og gagna. Drög að rýmisþörfum frístundaheimila og félagsmiðstöðva liggja fyrir og verið er að vinna tillögur varðandi umsýslu húsnæðisins og kostnaðarskiptingu og samnýtingu húsnæðis og hefur tekið lengri tíma að vinna verkefnið en fyrirhugað var í upphafi. Miðað er við að í byrjun nýs árs verði niðurstöður lagðar fyrir skóla- og frístundaráð.